

## **75. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn mánudaginn 8. maí 2017.**

### **Fundargerð**

#### **Fundurinn haldinn í Végarði Fljótsdal og hófst kl. 12:00**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Adolf Guðmundsson (AG), Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Fjarverandi með boðuð forföll: Sveinn Jónsson (SJ), Jón Björn Hákonarson (JBH).

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 74
2. Undirbúningur ársfundar
  - a) Kjör endurskoðenda
  - b) Þóknun stjórnar, til upplýsinga
3. Málþing
4. Önnur mál

Varaformaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

### 1. Staðfesting fundargerðar nr. 74

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 74.

### 2. Undirbúningur ársfundar

#### a) Kjör endurskoðenda

Stjórn Austurbrúar leggur til að KPMG verði kjörin sem endurskoðandi Austurbrúar ses fyrir árið 2017.

#### b) Þóknun stjórnar

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar tillögu starfsháttanefndar til aðalfundar um þóknun stjórnar næsta starfsárið.

### 3. Málþing

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag ársfundar og málþings. Mikil ánægja er með viðbrögð um mætingu á bæði ársfundinn og málþingið.

### 4. Önnur mál

Stjórn samþykkir að leggja til fjárhæð í starfsmannasjóð Austurbrúar í samræmi við tillögu framkvæmdastjóra í tilefni af 5 ára afmæli stofnunarinnar og þakka þannig starfsmönnum fyrir elju og dugnað þessi fyrstu starfsár stofnunarinnar.

Fundi slitið kl. 12:45

\_\_\_\_\_  
Sæunn Stefánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Adolf Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson